



4. maí 2001

Minnispunktur fyrir fund með samgöngunefnd Alþingis um sölu Landssímans

Tal hefur alltaf verið fylgjandi sölu Landssíma Íslands hf. og að ríkið dragi sig þannig úr samkeppnisrekstri.

Nauðsynlegt er að Landssíminn eignist erlenda tengingu með eignaraðild erlends símafyrirtækis. Slíkt hefur t.d. skilað Tali mjög miklu. Þaðan kemur fagleg þekking, þjónustuframboð og alþjóðleg bankahugsun og reynsla. (Hugsanlega er reynsluleysi að há stjórnendum Landssímans m.t.t. fjárfestinga þeirra í öðrum fyrirtækjum).

Tal hefur alltaf barist fyrir réttu verðmætamati Landssímans. Að frumkvæði Tals var Landssímanum gert að greiða 5 milljarða króna í ríkissjóð.

Tal hefur alltaf lagt áherslu á að hlutabréf Landssímans væri best varðveitt hjá fjármálaráðherra, til að hámarka eign skattborgaranna.

Verðmætamat á Landssímanum stendur nú yfir hjá Price Waterhouse Coopers. Mitt í því starfi lækkar Landssíminn innankerfisgjöld sín í GSM, sem fyrirtækið hefur ekki séð ástæðu til að gera allt frá upphafi. Þessi verðlækkun nemur um 300 – 500 milljónum á ári og stjórnendur/eigandi Landssímans lækkar þannig verðmæti fyrirtækisins um nokkra milljarða, mitt í verðmætamatinu !

Mikilvægt er að Póst- og fjarskiptastofnun "reguleri" markaðinn til að koma á samkeppni. Tvö nýleg dæmi benda til þess að það sé ekki gert:

- a) Landssíminn notar GSM kerfi sitt til að greiða niður símtöl í fastakerfinu, með tilboði um 3 númer á lægri töxtum.
- b) Landssíminn býður í innanlandsreikisamningum hærra verð til fjarskiptafyrirtækja, heldur en einstaklingum býðst í smásölu.

Tal telur að nær engar líkur séu á að erlendir fjárfestar hafi áhuga á að eignast hlut í Landssímanum á meðan ríkið á enn 51%.

Þórólfur Árnason